# Trommari kominn á heimaslóð á ný

Það er óvenjulegra að sjá stelpur lemja húðir en stráka. Hefur samt ekkert að gera með hæfni þeirra. Yngsti nemandi minn í ár, sem er sex ára en einmitt stelpa og mjög efnileg. Hún nær rétt niður á pedalana en trommar eins og meistari. – Jón Mar Össurarson tónlistarmaður er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 8-9


Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 7. maí 2015 · 18. tbl. · 32. árg. ·Ókeypis eintak


# Velheppnuð Fossavatnsganga

Ljósm: Benedikt Hermannsson.

**Ísfirski kappinn Gísli Einar Árnason var fyrstur Íslendinga í mark og endaði í 9. sæti. Ljósmyndir: Benedikt Hermannsson.**

# Veðrið setti strik í reikninginn

Vel heppnaðri Fossavatnsgöngu er lokið, þeirri fjölmennustu til þessa. Daníel Jakobsson, formaður Fossavatnsgöngunnar, segir að framkvæmd göngunnar hafi gengið vel í öllum megindráttum. „Veðrið setti strik í reikninginn og aðstæður voru erfiðar. Sigurtíminn var um hálftíma lengri en í fyrra og stafar það af úrkomu og þó nokkrum vindi. Margir meðal göngumenn voru hálftíma lengur en venjulega," segir Daníel. Á fimmtudag var keppt í í fyrsta sinn á Fossavatnsgöngunni í 25 km göngu með frjálsri aðferð og fór sú ganga fram í rjómablíðu og við toppaðstæður.

Heildarfjöldi þátttakenda var um 700 sem er tvöföldun frá því í fyrra. Fleiri en 400 göngumenn störtuðu í 50 km göngunni samanborið við 110 í fyrra. „Við getum tekið við fleiri þátttakendum, sérstaklega núna með þessa reynslu sem við fengum um helgina. Það er ekkert við sjálfa göguna sem kemur í veg fyrir þátttakendum fjölgi enn meir," segir Daníel. Flöskuhálsar við mikla fjölgun eru fyrst og fremst fjöldi gistirýma hér vestra. Á fimmta hundrað manns mætti í sjávarréttahlaðborð Fossavatnsgöngunnar í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardagskvöld og 800 komu í hið rómaða Fossavatnskaffi að lokinni göngu.

Stærstu nöfnin í göngunni að þessu sinni voru þau Ilya Chernousov frá Rússlandi, Anders Södergren frá Svíþjóð og Riitta-Liisa Roponen frá Finnlandi. Öll unnu þau til verðlauna. Chernousov vann bæði 50 km göngu karla og 25 km gönguna á fimmtudag. Anders Södergren var í þriðja sæti í 50 km. Riitta-Liisa Roponen vann 50 km göngu kvenna og 25 km með frjálsri aðferð. Öll eru þau Ólympíuverðlaunahafar.

Þá tók Åge Skinstad þátt í 25 km göngu, en hann er einn mesti áhrifamaður í gönguskíðaheiminum í gegnum starf sitt sem yfirmaður gönguskíðamála á norska skíðasambandinu síðasta áratuginn.

*– smari@bb.is*

**Gunnlaugur Jónasson rennur í mark.**

# Gerir samning við bandaríska sjóherinn

Kerecis hefur gert samning við Rannsóknamiðstöð bandaríska sjóhersins, US Navy Office of Naval Research, um samstarf er varðar þróun á úrræðum til meðhöndlunar á bráðaáverkum hjá alvarlega slösuðum hermönnum með skot- og sprengjuáverka. Sáررannsóknir Kerecis hafa hingað til aðallega snúið að sykursýkisárum og öðrum þrálátum sárum. Þrálát sár eru alvarlegt heilbrigðisvandamál og eru yfir 300.000 sykursýkissjúklingar aflimaðir árlega vegna þrálátra sára sem ekki tekst að græða. Upphæð samningsins er trúnaðarmál og einnig háð því að Kerecis nái að sýna fram á ákveðin vísindaleg markmið. Rannsóknasetrið hefur 14 milljónir bandaríkjadala til ráðstöfunar fyrir verkefnið, eða 1,8 milljarða íslenskra króna.

Í tilkynningu segir að með samningnum útvíkki Kerecis rannsóknasvið sitt og vöruþróun yfir á svið bráðaáverka. Verkefnið er fjármagnað af Rannsóknamiðstöð bandaríska sjóhersins og öll vinna fer fram hjá Kerecis á Íslandi sem og hjá íslenskum og erlendum samstarfsaðilum fyrirtækisins. Náist þau markmið sem stefnt er að mun samningurinn færa Kerecis verulegar tekjur á næstu árum. Haustið 2014 gerði Kerecis smærri samning við Sáررannsóknasetur bandaríska landhersins, United States Army Institute of Surgical Research. Sá samningur snýst um rannsóknir á tækni Kerecis til meðhöndlunar á brunasárum. Framgangur þess verkefnis er samkvæmt áætlun.

Kerecis á því í samstarfi við tvær stofnanir bandarískra varnamálayfirvalda og stefnir að því að auka það samstarf ennfrekar á næstu misserum. Opnun skrifstofu Kerecis í Washington DC fyrr á árinu er hluti af þeim áætlunum.

Blake McBride, kapteinn og aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasviðs Rannsóknamiðstöðvar bandaríska sjóhersins, hefur þetta að segja um samstarfið við Kerecis. „Megin markmið rannsóknamiðstöðvarinnar er að auka tækniforskot bandaríska sjóhersins og landgönguliðadeilda hersins. Okkur finnst efni Kerecis vera lofandi ný tækni sem við vonum að geti leitt til bættra meðhöndlunarúrræða fyrir alvarlega slasaða bandaríska hermenn."

Dr. Baldur Tumi Baldursson, húðlæknir og læknisfræðilegur stjórnandi Kerecis segir að fyrirtækið hafi unnið að því undanfarin fimm ár að byggja upp sterkan vísindalegan grunn fyrir roðtækninna. „Við höfum einbeitt okkur að sykursýkissárum og öðrum þrálátum sárum. Samstarfsverkefni okkar við rannsóknasetur bandarískra sjóhersins útvíkkar þennan vísindalega grunn yfir í bráðasár með það að markmiði að fækka dauðsföllum vegna slíkra áverka," segir hann.

„Dauði af völdum sára eru næst algengasta ástæða dauðsfalla hermanna. Markmið okkar er að þróa meðhöndlunarúrræði sem auka bæði lífsgæði og lífslíkur slasaðra hermanna. Tæknin mun nýtast hermönnum og einnig almennum borgurum í framtíðinni," segir Hilmar Kjartansson, bráðalæknir og yfirmaður klínískrar þróunar Kerecis á Ísafirði.

*– smari@bb.is*

# Fáðu svefnherbergið sent heim

## - tilboð á heimsendingum út á land í maí

**Hámarksverð** fyrir heimsendingar
út á land, sama hve mikið er pantað,
**er aðeins 6.000,-**
þú borgar mögulega minna, en aldrei meira

Verslaðu á vefnum okkar **www.IKEA.is**

**48.000,-**

**PAX fataskápur**
B100×D58, H236cm. Hvíttuð eikaráferð
*Innvols selt sér*

**Nýr bæklingur!**
Nýi bað- og svefnherbergisbæklingurinn er á leiðinni til þín. Honum verður dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst. Þú getur líka skoðað rafræna útgáfu á www.IKEA.is

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
**Ábyrgðarmaður:** Sigurjón J. Sigurðsson.
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.
**Upplag:** 2.200 eintök
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

**Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.**

## Ritstjórnargrein

# Hættunni boðið heim

Það skal hreint út sagt að brotthvarf Þórodds Bjarnasonar úr stjórn Byggðastofnunar skilur eftir sig vandfyllt skarð. Mun þar sannast hið fornkveðna að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. BB stenst ekki freistinguna að vitna til greinar ÞB frá miðbiki síðasta árs þar sem hann kvað alvarlegan byggðavanda á Íslandi landfræðilega afmarkaðan og því tiltölulega auðvelt að bregðast við honum með markvissum hætti ef um það næðist samstaða meðal þjóðarinnar og „pólitískur vilji (væri) fyrir hendi.“ Þarna stakk Þóroddur á kílinu: pólitíska viljanum, sem í áratugi hefur reynst vera mest í orði, einu kveðnu.

Í greininni, sem bar heitið „Er byggðastefna blótsyrði“ segir m.a.: „Tryggja þarf stöðugleika sjávarútvegs í þeim sjávarbyggðum sem liggja utan stærri vinnusóknarsvæða ef þær eiga að halda velli til langframa.“ Greininni lauk svohljóðandi: „Það er sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar allrar að stuðla að fjölbreyttum búsetukostum og sjálfbærum samfélögum um land allt, fremur en að setja öll sín egg í sömu körfuna.“

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur viðurkennt að sitthvað hefði betur mátt fara í aðdraganda að flutningi Fiskistofu til Akureyrar. Nú hefur sami ráðherra skipað nýjan formann stjórnar Byggðastofnunar. Á þeim gjörningi finnst mörgum agnúi, ekki lítill, sem er seta formannsins í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga, auk þess að vera sviðsstjóri fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í Fréttablaðinu 17. apríl er greint frá því að Byggðastofnun vilji úr húsi Kaupfélags Skagfirðinga þar sem ódýrara væri fyrir stofnunina að byggja yfir starfsemina en að leigja áfram hjá Kaupfélaginu. Kaupfélagið hefur á hinn bóginn falast eftir áframhaldandi viðskiptum og telur það þjóna vel hagsmunum sínum. Í blaðinu kemur fram að auglýst hefur verið eftir áhugasömum verktökum til að hefja nýbyggingu fyrir Byggðastofnun, svo eitthvað ber nú á milli.

Í ljósi alls þessa vekur athygli yfirlýsing nýja formannsins, að samhliða seta í stjórn Kaupfélagsins valdi í engu hagsmunaárekstri, „enda hagsmunir Kaupfélags Skagfirðinga ekki oft að skarast við hagsmuni Byggðastofnunar.“ Á hvaða forsendu sú fullyrðing er byggð er afur annað mál? Þrátt fyrir alla orðaleiki liggur fyrir að Kaupfélagið vill eitt og Byggðastofun annað. Er ekki erfitt að þjóna tveimur herrum?

Það eru gerðar miklar kröfur til formanns stjórnar Byggðastofnunar. Því er með öllu ástæðulaust að bjóða þeirri hættu heim að unnt sé að ala á tortryggni um hagsmunagæslu í störfum þess er þar situr.

*s.h.*

## Spurning vikunnar

**Læsir þú húseign þinni á nóttunni?**

**Alls svöruðu 595.**
**Já sögðu 491 eða 83%**
**Nei sögðu 77 eða 13%**
**Stundum sögðu 27 eða 4%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Tólf fengu styrki úr afrekssjóði

Úthlutað hefur verið út afrekssjóði Héraðssambands Vestfirðinga. Umsóknir bárust frá fimm aðildarfélögum vegna tólf íþróttamanna. Þrír knattspyrnumenn frá Boltafélagi Ísafjarðar fengu styrki, þeir Daði Freyr Arnarsson, Elmar Atli Garðarsson og Matthías Króknes Jóhannsson. Þráinn Ágúst Arnaldsson frá handboltadeild Harðar fékk einnig styrk sem og Kristín Þorsteinsdóttir frá Íþróttafélaginu Ívari. Kristín hefur um tveggja ára skeið verið útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Þá fengu Haukur Rafn Jakobsson, Eva Margrét Kristjánsdóttir og Linda Marín Kristjánsdóttir hjá KFÍ, einnig afrekstyrki.

Þrír íþróttamenn frá Skíðafélagi Ísfirðinga fengu afreksstyrki í ár, Albert Jónsson, Dagur Benediktsson og Thelma Rut Jóhannsdóttir sem og Guðný Birna Sigurðardóttir frá Sundfélaginu Vestra. Allir íþróttamennirnir eru ungir að árum en eru á meðal þeirra bestu í sínum aldursflokkum. Greinilegt er að mikið og öflugt starf íþróttafélaga á starfssvæði HSV er að skila góðum árangri. Einnig var úthlutað úr styrktarsjóði þjálfara til fjögurra félaga, Sundfélagsins Vestra, Kraftlyftingafélagsins Víkings, Blakfélagsins Skells og Boltafélags Ísafjarðar.

*– smari@bb.is*

**Aflmark ehf leitar eftir tilboðum í eftirfarandi eignir í eigu Sparisjóðs Norðurlands**

**Hafnargata 9B í Bolungarvík, fnr. 212-1207 og 212-1208.**

- Stærð: 271,8 m2 + 306 m2 = 577,8 m2
- Fasteignamat: 7.705.000 + 9.530.000 = kr. 17.235.000
- Brunabótamat: 37.550.000 + 47.600.000 = kr. 85.150.000
- Skilgreint sem trésmíðaverkstæði og geymsluhúsnæði hjá Þjóðskrá Íslands.
- Á neðri hæð var trésmíðaverkstæði en hefur undanfarin ár verið nýtt sem geymsluhúsnæði.
- Á efri hæð voru áður kennslustofur / félagsmiðstöð, hefur verið nýtt í ýmislegt s.s. svefnpokagistingu undanfarið

**Aðalstræti 11 í Bolungarvík, fnr. 212-1112**

- Stærð: 224,8 m2
- Fasteignamat: kr. 6.640.000
- Brunabótamat: kr. 24.400.000
- Skilgreint sem vörugeymsla hjá Þjóðskrá Íslands
- Nýtt sem skemma undir sjóstangveiðibáta í dag

**Sjóstangveiðibátar**

- Rúnar ÍS-434, sk.sk.nr. 7701 (sagður í lagi), 4,57 brúttótonn, 7,63 metrar að lengd, , nýsmiði vorið 2011.
- Haukur ÍS-435, sk.sk.nr. 7702 (sagður vélarvana), 4,57 brúttótonn, 7,63 metrar að lengd, nýsmiði vorið 2011.
- Jasmine ÍS-431, sk.sk.nr. 7680 (sagður í lagi), 4,68 brúttótonn, 7,64 metrar að lengd, nýsmiði vorið 2010.
- Kristján ÍS-432, sk.sk.nr. 7681 (sagður vélarvana), 4,68 brúttótonn, 7,64 metrar að lengd, nýsmiði vorið 2010.
- Þröstur ÍS-433, sk.sk.nr. 7682 (sagður í lagi), 4,68 brúttótonn, 7,64 metrar að lengd, nýsmiði vorið 2010.

Óskað er eftir tilboðum í hverja eign fyrir sig, einhverjar tilteknar eða allar saman. Eigandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum ef ekkert þeirra reynist ásættanlegt.

Eignirnar seljast í því ástandi sem þær eru í við sölu.

Tilboðum ber að skila til Aflmark ehf á tölvupósti aflmark@aflmark.is eða í pósti eigi síðar en þann 19. maí kl. 12.00 á hádegi.

Nánari upplýsingar gefnar hjá Aflmark ehf í síma 845-3090 og á heimasíðu aflmark.is.

aflmark

# VERKFALL

## FÉLAGSMANNA VERK VEST HÓFST FIMMTUDAGINN 30. APRÍL !

**SÝNUM** VERKAFÓLKI SAMSTÖÐU Í BARÁTTUNNI FYRIR BÆTTUM KJÖRUM !

**GÖNGUM** EKKI Í STÖRF VERKAFÓLKS MEÐAN Á VERKFÖLLUM STENDUR !

**TÍMASETNINGAR BOÐAÐRA VERKFALLSAÐGERÐA:**

| | |
|---|---|
| **6. maí 2015** | Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 6. maí). |
| **7. maí 2015** | Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 7. maí). |
| **19. maí 2015** | Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 19. maí). |
| **20. maí 2015** | Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis (allur 20. maí). |
| **26. maí 2015** | Ótímabundin allsherjar vinnustöðvun hefst á miðnætti aðfaranótt 26. maí. |

Verk Vest hvetur til samstöðu með baráttunni fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði.
Á meðan verkfall stendur yfir verða opnar verkfallsmiðstöðvar á skrifstofum félagsins á Ísafirði og Patreksfirði. Verk Vest hvetur þá sem verða í verkfalli til að mæta á skrifstofur félagsins og taka þátt í verkfallsvörslu.

VERK VEST

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2015
Nánari upplýsingar og umsóknir á heimasíðunni:
www.heimavist.is

Hlökkum til að sjá ykkur í haust.
Starfsfólk Heimavistar MA og VMA.

Á heimavistinni búa um 330 framhaldsskólanemendur.
Heimavistin er gott og öruggt heimili þar sem vel er búið að íbúum.


# Helgi ráðinn markaðsfulltrúi

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að ráða Helga Hjálmtýsson í starf markaðs- og kynningarfulltrúa Bolungarvíkur. Átján sóttu um starfið og fór ráðningarferlið í gegnum Capacent. Helgi er bókmenntafræðingur að mennt. Hann er kvæntur sr. Ástu Ingibjörgu Pétursdóttur, sóknarpresti í Bolungarvík. Markaðsfulltrúi sér um framkvæmdastjórn viðburða í sveitarfélaginu ásamt störfum sem tengjast kynningar- og útgáfumálum fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Í star?nu felst einnig ritstjórn á vef Bolungarvíkurkaupstaðar og hugsanlega tengdum vefjum, ýmis sérverkefni, samantektir og skýrslugerð. Markaðs- og kynningarfulltrúi er einnig ritari Menningar- og ferðamálaráðs.

Umsækjendur um starfið voru Arnór Sigmarsson, Ásgeir Örn Ásgeirsson, Ásta Gísladóttir, Birna Dögg Guðmundsdóttir, Davíð Á. Davíðsson, Elsa Kristinsdóttir, G. Ágúst Pétursson, Guðfinna Oddsdóttir, Helgi Hjálmtýsson, Herborg Svana Hjelm, Hrafnhildur Sigmarsdóttir, Jón Trausti Sæmundsson, Linda Björk Hallgrímsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, María Einarsdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sólveig Dagmar Þórisdóttir og Þór Ómar Jónsson.

*– smari@bb.is*

# Söngskemmtun í Ísafjarðarkirkju

Eldri félagar Karlakórs Reykjavíkur, sem eru ríflega fjörutíu talsins, efna til söngskemmtunar í Ísafjarðarkirkju laugardaginn 16. maí kl. 17. Kórinn er að halda upp á 50 ára afmæli með söngferð til Vestfjarða, en stofnandi kórs eldri félaga var Sigurður Þórðarson frá Gerðhömrum í Dýrafirði en hann stofnaði Karlakór Reykjavíkur árið 1926 og verður kórinn því 90 ára á næsta ári.

Söngstjóri eldri félaga Karlakór Reykjavíkur er Friðrik S. Kristinsson sem einnig stjórnar Karlakór Reykjavíkur og drengjakór Reykjavíkur. Píanóleikari er Anna Guðný Guðmundóttir og einsöngvarar: Sigmundur Jónsson tenór og Hallvarður S. Óskarsson bassi. Á söngskránni eru einkum lög eftir Sigvalda Kaldalóns, en einnig lög eftir Jón Ásgeirsson, Jón Nordal, Björgvin Guðmundsson, Sigfús Einarsson og fleiri.


# Aðalfundur

## Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Aðalfundur Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum verður haldinn á Hótel Ísafirði þriðjudaginn 19. maí n.k. kl. 18:00.

Dagskrá aðalfundar:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn og nýta málfrelsis, tillögu- og atkvæðisrétt.

Að fundi loknum verður boðið upp á súpu, brauð og kaffi.

Hið árlega ferðaávísanalottó verður á sínum stað.

Kveðja, stjórnin.

# Illska kemur út í Frakklandi

Verðlaunabókin Illska eftir Eirík Örn Norðdahl kemur út í Frakklandi í haust. Það er Metailie forlagið sem gefur bókina út, sama forlag og gefur út bækur Arnalds Indriðasonar í Frakklandi. Bókin kemur út með íslenska tiltlinum Illska. „Það var ákveðið að halda titlinum. Illska er mjög almennur titill og generískur og virkar ágætlega á litlum markaði eins og þeim íslenska. T.d. í Svíþjóð heitir ein frægasta bók síðari ára Ondskan eftir Jan Guillou og er hún til íslenskri þýðingu sem Illskan," segir Eiríkur og bætir við að í Danmörku komu tvær bækur út í sömu vikunni sem hétu Ondskab, eða Illska.

Einnig er búið að selja bókina til Bandaríkjanna en Eiríkur segir að útgáfa þar taki nokkur ár. Þá verður Illska væntanlega sett á svið næsta vetur Borgarleikhúsinu í uppsetningu leikhópsins Óskabarna ógæfunnar.

*– smari@bb.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

*Tilbúið beint á grillið !*

# Forkryddað grísakjöt, beinlaus biti

1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Beinlausar kótilettur**

1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Grísa-hryggjafille**

1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Grísa-hryggjasneiðar**

1598 KR. KG.

STJÖRNUGRÍS **Grísahnakka-fillet**

498 kr. 2 x 140g. FRÁ SPÁNI

NAUTAVEISLU
**Ferskir nautahamborgarar 2 x 140g**

1398 kr. kg FRÁ SPÁNI

NAUTAVEISLU
**Ferskt nautgripahakk**

2998 kr. kg

ÍSLANDSNAUT
**Fersk nautapiparsteik**

3998 kr. kg

ÍSLANDSNAUT
**Ferskt nautafillet**

1498 kr. kg

KS Frosið lambalæri í sneiðum

Kaupfélag Skagfirðinga

**FROSIÐ LAMBAKJÖT**

*GOTT VERÐ Í BÓNUS*

3498 kr. kg

KS Frosið lambafillet

1998 kr. kg

NORÐANFISKUR **Íslensk bleikja beinhreinsuð m/roði**

1998 kr. kg

NORÐANFISKUR **Íslenskur lax beinhreinsaður m/roði**

998 kr. kg..

NORÐANFISKUR **Þorskbitar rað og beinlausir**

**EUROSHOPPER SÚKKULAÐIÐ**
100 grömm

98 kr. 100g.

59 kr. 250ml

ERUROSHOPPER **Energy drink Orkudrykkur** 250ml.

198 kr. 510ml.

**Hunt´s grillsósur;** Orginal, Brown Sugar & Honey Mustard

498 kr. 500ml

**Caj-P Kryddolía** 500ml

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 10. maí**

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu **Gilda a.m.k. til 10. maí**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Alltaf með hugann við trommuleikinn

Ísfirðingurinn Jón Mar Össurarson hefur frá barnsaldri haft mikla ástríðu fyrir trommuleik. Hann hefur leitað sér mikillar menntunar á því sviði og hefur að baki fimm ára háskólanám. Hann útskrifaðist með Artist Diploma gráðu frá Trommuskóla Gunnars Waage, sem er fyrsti tónlistarskóli landsins með sérstaka trommusettsbraut. Síðan lá leið Jóns til skólans The London Centre Of Contemporary Music (LCCM) þar sem hann lauk B.Mus- prófi árið 2011. LCCM er sjálfstæður skóli, sem er í London eins og nafnið ber með sér, og hefur að leiðarljósi að veita sem bestan alhliða undirbúning fyrir þá sem ætla að starfa í tónlistarbransanum, allt frá flutningi, tækni, sögu og menningu tónlistarinnar.

Í dag kennir Jón Mar við Tónlistarskólann á Ísafirði og má því segja að hann sé kominn á uppeldisstöðvarnar. Þar hóf hann nám í slagverki 11 ára gamall og lærði þar í þrjú ár.

Bæjarins besta spjallaði við Jón Mar um tónlistina, námið og lífið í London. Viðtalið hefst á mjög vestfirskan máta, á spurningunni Hverra manna ert þú?

„Faðir minn er Ísfirðingurinn Össur Össurarson pípulagningameistari, og mamma, Hallfríður Bára Ingimarsdóttir, er Súgfirðingur og starfar sem leikskólakennari.

– Hvernig kom það til að þú fórst að spila á trommur?

„Ég ákvað bara allt í einu að læra á trommur. Ég hafði þá verið eitthvað í mýflugumynd í tónlistarnámi, neyddur í blokkflautunám sex ára og lærði stutta stund á gítar þegar ég var átta ára en náði aldrei að læra gripin," segir Jón Mar og hlær. „Ég hafði hreinlega ekki þolinmæði í það. Hins vegar fannst mér ég strax vera á réttri hillu í trommunum.

Þegar ég hugsa mig nánar um er ég ekki viss hvað fékk mig til að byrja að læra á trommur. Það var ekki mikið um tónlist í kringum mig þegar ég var lítill, en mamma hafði það fyrir reglu að senda okkur systkinin í blokkflautunám. Örugglega til að athuga hvort það væru meðfæddir hæfileikar í okkur.

En það var einn tónlistarmaður í fjölskyldunni sem var okkur mjög náinn og hafði áhrif á mig. Það er Rafn Jónsson, eða Rabbi í Grafík eins og hann er betur þekktur. Mamma hans, Ragna Sólberg, og mamma mín eru systur. Hann sendi okkur alltaf eintök af plötunum sínum í jólagjöf til fjölskyldunnar. Mér er alltaf minnistætt þegar við vorum í heimsókn hjá Rabba frænda í Reykjavík þegar ég var púki og fékk alltaf að skoða inn í heimastúdíóið hans, skoða allar upptökugræjurnar og trommusettið hans. Gæti verið að það hafi fengið mig út í þetta. Svo þegar ég var byrjaður að læra og ákvörðunin var tekin að kaupa trommusett handa 12 ára guttanum, þá var hringt í Rabba frænda og hann valdi trommurnar fyrir litla frænda sinn."

Námið gekk ekki alveg þrautalaust fyrir sig, þar sem oft á tíðum hefur verið hörgull á trommukennurum á Ísafirði.

„Maður þurfti oft að taka þetta með hléum, þar sem erfiðlega gekk að finna kennara í stöðuna. Friðrik Lúðvíksson gítarkennari hljóp í skarðið og kenndi manni þegar enginn annar var, en ég náði einum vetri í kennslu hjá ísfirska trommaranum Jóni Geir Jóhannssyni þegar ég var 14-15 ára. Það var því að miklum hluta harkan, eða kannski réttara sagt þrjóskan í manni, sem hélt mér við efnið."

Jón Mar flutti ungur til Reykjavíkur og sótti þar nám við Trommuskóla Gunnars Waage og útskrifaðist þaðan með Artist Diploma gráðu. Þegar þar var komið sögu lá leið hans út fyrir landsteinana í skólann The London Centre Of Contemporary Music í Bretlandi.

**Annar Íslendingurinn til að nema við skólann**

– Hvað varð til þess að þú fórst í nám við LCCM?

„Eftir að ég lauk diplomanáminu fannst mér ekkert annað vera í stöðunni en að halda áfram í námi. Ég prófaði því að sækja um í LCCM, fékk að þreyta inntökupróf og komst inn. Maður var í raun að elta draum um að geta unnið við það sem ég hef áhuga á. Ég var ekki viss á hvaða hátt, en ég vissi að þetta var það sem mig langaði til að læra og vinna við í framtíðinni.

Námið var mjög fjölþætt og maður þurfti virkilega að hafa fyrir því að ná háskólagráðunni. Til að mynda þurfti maður að semja tónverk og gera útsetningar, taka upptökufræði og læra tónlistarsöguna. Það tók stundum á fyrir trommuleikara eins og mig að klóra sig í gegnum útsetningar og tónsmíðar. Ég nota ekki nótnalesturinn eins mikið og aðrir hljóðfæraleikarar þar sem ég treysti meira á ryþmann. Því þurfti ég að leggja mun meira á mig til að klóra mig fram úr öllum tónverkum og slíku."

Ekki var það bara hefðbundið námsálag sem Jón Mar þurfti að takast á við, en tveimur vikum eftir að hann flutti út skall á bankahrunið það örlagaríka haust 2008.

„Það setti óneitanlega strik í reikninginn því að námslánin hækkuðu um 100% í kjölfar hruns bankanna heima á Íslandi, þar sem gengið tvöfaldaðist á nóinu. En ég var mjög heppinn að því leyti, að ég var nýbúinn að skipta um banka og fékk þar af leiðandi sama framfærslueyri í pundum í stað króna sem ég átti að fá. Maður heyrði nú af nokkrum sem voru ekki eins heppnir og jafnvel þurfti fólk í mörgum tilfellum bara að gjöra svo vel að hætta í námi og flytja aftur heim."

Jón Mar var eini Íslendingurinn í náminu á sínum tíma og annar Íslendingurinn til að sækja nám við skólann, en söngkonan Hafdís Huld Þrastardóttir útskrifaðist þaðan árið 2006.

„Ég var sá eini frá Íslandi þegar ég var í skólanum, en ég hef síðan heyrt af nokkrum Íslendingum sem hafa lært þar."

Því má bæta við að skólinn er alþjóðlegur, en hann sækja tónlistarnemar alls staðar að úr heiminum. Á vef skólans segir að á hverju ári séu milli 7-14% nemenda frá löndum utan frá Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þar á meðal má nefna nemendur frá Norður- og Suður-Ameríku, Suður-Kóreu, Kína, Malasíu, Rússlandi, Tyrklandi og Nýja Sjálandi.

**Spilaði um alla Lundúnaborg**

Að loknu námi bjó Jón Mar í London í eitt ár áður en hann sneri aftur heim á klakann.

„Þetta ár var ég að vinna í upptökuveri sem rekið var af Íslendingi sem ég kynntist í gegnum Bigga í Ampop þegar við vorum að spila saman í hljómsveitinni Blindfold."

Jón Mar hefur leikið með ýmsum tónlistarmönnum og hljómsveitum á Ísafirði frá unga aldri. Má þar nefna sem dæmi hljómsveitina Bimbo sem tók þátt í músíktilraunum árið 2001 og komst þar í úrslit. Eftir að Jón Mar fluttist til Reykjavíkur gekk hann í og stofnaði rokksveitina Diagon sem hefur leikið á hljómleikum víða og þótti afar efnileg á sínum tíma. Árið 2007 gaf sveitin út á netinu sína fyrstu og einu plötu, The Volumes of Misconception. Þá spilaði hann einnig með bandinu Blindfold þegar hann bjó í London.

„Maður var í einhverjum bílskúrsböndum þegar maður var að alast upp. Eitt minnisstæðasta bandið hét Niðurgangur," segir Jón Mar með glott á vör. „Við í Niðurgangi gerðumst nú meira að segja svo frægir að hita upp fyrir Skítamóral eitt sinn. Það var á grunnskólaballi sem var eftir íþróttahátíð í Bolungarvík þegar Sveitaballsbandið var að fyrst að stíga fram á sjónarsviðið.

Á fyrsta árinu mínu í London spilaði ég um alla borg með Blindfold og lenti oft í þeim aðstæðum eftir gigg að vita ekki hvernig ég ætti að rata heim, því að neðanjarðarlestirnar voru hættar að ganga á miðnætti og ég þurfti þá að hoppa í næturstrætó. Var því rúntandi um í næturstrætóum með alltaf dótið mitt því maður hafði ekki efni á að taka leigubíl eða eiga bíl og alltaf á barmi þess að vera rammvilltur. En einhvern veginn reddaðist það nú alltaf.

Skólinn er mjög skammt frá Lundúnabrú, bara um fimm mínútna gangur, svo segja má að maður hafi verið í hjarta borgarinnar. Á þessum fjórum árum sem ég bjó í London bjó ég í öllum hlutum hennar, norður, vestur, austur og suður. Það var þó ekki með vilja gert, en maður var á leigumarkaðinum og þurfti oft að flytja sig um set."

– Hvaða borgarhluti er í uppáhaldi hjá þér?

„Tja, ætli það sé ekki norðurhlutinn, ég bjó þar rétt hjá Arsenalhverfinu við Essex Road. Þar er mjög mikið líf og ég hafði mjög gaman að búa þar."

**Allir geta lært á trommur**

Um var að ræða þriggja ára nám, og ári eftir útskrift flutti Jón Mar aftur heim til Íslands og starfaði sem bílstjóri á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég var mjög ánægður með að hafa tekið þessa ákvörðun að fara út í nám, en þegar heim var komið fór ég að vinna við að keyra vörubíl. Ég var þó alltaf að litast um eftir kennarastarfi, en það eru margir um hituna í borginni og þar sem ég er ekki með kennsluréttindi var á brattann að sækja að fá slíka vinnu."

Að tveimur árum liðnum fannst Jóni Mar tími til kominn að nýta fimm ára háskólamenntun sína og setti sig í samband við stjórnendur Tónlistarskólans á Ísafirði.

„Þar var mér tekið opnum örmum, svo ég sló til og flutti aftur heim til Ísafjarðar og byrjaði að kenna við skólann."

– Var markmiðið alltaf að verða kennari?

„Ekki meðvitað, að minnsta kosti. Mig langaði til að mennta mig í einhverju sem ég hefði áhuga á og sjá svo til hvert það myndi leiða mig. Ég kann mjög vel við mig í kennarastarfinu og svo veit maður aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér."

Jón Mar starfaði einnig sem kennari við Trommuskólann eftir að hann útskrifaðist þaðan. „Í kjölfar útskriftarinnar réð Gunnar mig sem kennara. Ég fann mig strax mjög vel í því. Ég er því mjög sáttur að vera kominn aftur heim til Ísafjarðar og að kenna á minni gömlu uppeldisstöð. Ég hef líka metnað í að skila starfinu sem allra best svo að krakkar fái sem besta alhliða kennslu í slagverki."

Er blaðamaður spyr hvort allir geti lært á trommur kemur svarið fljótt og örugglega: „Já! Það geta allir, ég sé að minnsta kosti ekkert því til fyrirstöðu, rétt eins og allir geta lært á hljóðfæri. Trommuleikur er mjög einfaldur þegar fólk hefur áttað sig á honum. Snýst einfaldlega um takt og samhæfingu í útlimum.

Ég vona einmitt að sem flestir sæki um tónlistarnám á komandi ári. Ég er með mjög efnilegan hóp nemenda, en það vantar fleiri. 70% nemenda eru taka stigspróf

hjá mér í ár, sem mér finnst mjög jákvætt, sérstaklega á mínum fyrsta vetri. Það skiptir nemana líka mjög miklu máli að sjá afrakstur erfiðis síns.“

– Hvað veldur því að karlmenn eru í svo miklum meirihluta trommuleikara sem raun ber vitni?

„Því get ég hreinlega ekki svarað. Það er fyrir einhvern annan að svara því en mig. En hvað sem því veldur, þá er óvenjulegra að sjá stelpur lemja húðir en stráka. Það hefur samt ekkert að gera með hæfni þeirra. Yngsti nemandi minn í ár, sem er sex ára, er einmitt stelpa og mjög efnileg. Hún rétt nær niður á pedalana en trommar eins og meistari. Kannski þarf bara að hvetja fleiri stelpur til að spreyta sig á trommum.“

**Trommuleikur aðaláhugamálið**

– Hverjar eru fyrirmyndir þínar og uppáhaldstrommuleikarnir?

„Það er eiginlega ómögulegt að svara því, þar sem það er enginn einn. Það getur þess vegna farið eftir í hvaða skapi ég er hverju sinni hver sé í uppáhaldi. Ef við erum að tala um virtúósa eru þar efst á blaði Dave Weckl, Vinnie Colaiuta og Virgil Donati. Það er mjög gaman að hlusta á það, en ég get alltaf dottið í að hlusta á trommarann í Pantera. Í dag er ég til dæmis mikið fyrir að hlusta á Jeff Porcaro sem var trommarinn í Toto og Simon Phillips sem tók við af honum eftir að hann lést. Svo þetta er misjafnt hverju sinni. Maður er alltaf samt eitthvað að spá og spekúlera í ólíkum trommuleikurum.

Ég fór einu sinni á kúrs með Dave Weckl í FÍH (Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna) og það var ótrúlega skemmtileg reynsla. Þá sátum við saman nokkrir trommunördar og hlustuðum á hann spila. Það var alveg ótrúlegt. Mig hefur lengi langað til að fara til Bandaríkjanna til að hlýða á fremstu trommarana en fjárráðin hafa bara ekki leyft það. Einn af þeim sem ég vildi helst sjá var einmitt Weckl og því frábært að geta fengið að hlusta og læra af honum þegar hann var hérna. Þetta er heill heimur sem opnast fyrir manni þegar maður fer nógu langt út í þetta.“

– Hvaða tónlistarmenn eða hljómsveit myndirðu segja að hafi átt mestan þátt í að móta tónlistarsmekk þinn?

„Þegar ég var að byrja að tromma var maður mest í rokkinu, en síðar fór ég að hlusta á allar týpur af tónlist. Það er ekki einhver ein hljómsveit eða tónlistarmaður sem ég festi mig á. Ég varð bara alæta á tónlist.“

– Hefurðu tíma fyrir einhver önnur áhugamál?

„Eiginlega ekki. Ekkert að ráði allavega. Ég er nánast alltaf með hugann við trommuleikinn, og auk þess að kenna, þá spila ég töluvert sjálfur.“

– Að lokum: Hvernig sérðu fyrir þér framtíðina?

„Því er nú eiginlega ómögulegt að svara því. Ég hreinlega veit það ekki. Ég hugsa vanalega ekki lengra fram í tímann en eitt til tvö ár í senn. En ég var nýverið að festa kaup á húsi á Ísafirði sem ég er að gera upp um þessar mundir, svo ég býst við að verða hér kyrr, að minnsta kosti þar til annað kemur í ljós,“ segir Jón Mar með stórt bros á vör.

*– Thelma Hjaltadóttir.*

# Fjölskyldudagur Fossavatnsgöngunnar

Góð þátttaka var í fjölskyldudegi Fossavatnsgöngunnar á Ísafirði á föstudag í ágætu veðri. Eftir sól og logn meginhluta dagsins fór að snjóa rétt áður en startað var. Dagný Emma Kristjánsdóttir frá Ísafirði kom fyrst í mark í 1 kílómetra göngu kvenna en Eyþór Freyr Árnason, einnig frá Ísafirði, var fyrstur í mark í karlaflokki. Í fimm kílómetra göngu kvenna var Jóhanna Lenung frá Þýskalandi fyrsti í mark. Hún var rúmri mínútu á undan Ava Neilis frá Kanada. Carolina Nealis frá Svíþjóð var í þriðja sæti.

Ísfirðingurinn Nikodem Júlíus Frach varð fyrstur í mark í 5 kílómetra göngu karla. Sveinbjörnn Orri Heimisson, Ísafirði, var annar og Kyle Neilis, Kanada í þriðja sæti. Meðfylgjandi myndir voru teknar á fjölskyldudeginum.

**Sælkerar vikunnar eru Eva Dögg Pétursdóttir og Stefán Ingi Svansson í Noregi**

## Heilbökuð smálúða og rjómaostamús

Þar sem við erum mjög hrifin af heilgrilluðum eða heilbökuðum fisk þá langar okkur að deila með ykkur einfaldri uppskrift af heilbakaðri lúðu. Í þennan rétt notum við gjarnan Sterling lúðu. Lúðan kemur frá Ryfylke, nálægt Stavanger, og er eldislúða. Þessi lúða er mjög eftirsótt um allan heim og er þekkt fyrir bæði bragð og gæði. Fersk, íslensk smálúða hentar mjög vel fyrir þennan rétt.

**Heilbökuð smálúða með capers-og sítrussmjöri (fyrir fjóra)**

Ca. 1200 g heil smálúða
2 stk sítrónur, skornar í sneiðar
2 msk ólífuolía
Salt og pipar

*Aðferð:* Smálúðan er hreinsuð (Fjarlægið höfuð og rafabelti. Best er að nota skæri fyrir rafabeltin. Fiskurinn er því næst skolaður og þerraður vel). Smyrjið ólífuolíu á báðar hliðar og kryddið vel með salti og pipar. Leggið lúðuna í ofnskúffu og leggið sítrónusneiðar yfir allan fiskinn. Bakið við 165°C í 35 mínútur með blæstri. Látið fiskinn hvíla í 5 mínútur þegar búið er að taka hann úr ofni. Leggið sítrónusneiðar og roðið til hliðar við fiskinn og hellið capers- og sítrónusmjöri yfir áður en hann er borinn fram. Mælum með að borða bæði sitrónusneiðar og roðið með fiskinum.

**Capers- og sítrussmjör**

1 stk laukur, fínskorinn.
200 g smjöri
100 g capers i krukku
1 stk sítróna, safi og rifinn börkur
25 g steinselja, fersk og fín skorin
Salt og pipar

*Aðferð*: Bræðið smjörið í potti við vægan hita. Bætið lauknum útí og látið sjóða í 3 mínútur. Takið pottinn af hellunni. Capers, sítrónusafa, sítrónubörk og steinselju bætt úti. Salt og pipar eftir smekk.

Tillögur að meðlæti: Soðnar, nýjar kartöflur og ferskt salat.

**Rjómaosta mús með ástaraldin**

200 g Snøfrisk geitarjómaostur (hægt að nota venjulegan hreinan rjómaost)
3 stk ástaraldin
1 dl appelsínusafi
100 g sykur
4 stk matarlímsblöð
150 g flórsykur
3 dl rjómi
3 dl sýrður rjómi(36%)

*Aðferð:* Sykur, appelsínusafi og aldinkjöt úr ástaraldin sett í pott og hitað þar tll sykur er uppleystur. Matarlímsblöðum bætt útí safann og kælt niður í stofuhita. Rjómaostur hrærður þar til verður mjúkur og blöndunni bætt útí. Sýrður rjómi, flórsykur og rjómi er þeytt saman(ekki stífþeytt). Rjómablöndunni blandað varlega saman við rjómaostablönduna.

Sett í desertglös og kælt yfir nótt. Áður en músin er borin fram er hún skreytt með laufi úr appelsínubát og karamelliseruðu kornfleksi.



**Karamelliserað kornfleks**

60 g sykur
1/2 dl rjómi
3 dl kornfleks

*Aðferð:* Sykur brúnaður á pönnu þar til hann verður gullinbrúnn, rjóma bætt út í og búin til karamella. Kornfleks sett í stóra skál og heitri karamellunni hellt yfir og hrært í á meðan þar til allt kornfleksið er hjúpað karamellu. Hellt yfir smjörpappír og látið kólna.

*Við viljum skora á Þingeyringinn og matreiðslumeistarann Sigurð Rúnar Ragnarsson og konu hans Guðrúnu Hildi Eyþórsdóttur sem búa í Stavanger að vera næstu sælkerar vikunnar.*



Frá startinu í 25. km göngunni.

# Riita-Liisa og Ilya sigruðu

Riitta-Liisa Roponen frá Finnlandi og Ilya Chernousov frá Rússlandi sigruðu í 25 km göngu með frjálsri aðferð, fyrsta hluta Fossavatnsgöngunnar sem hófst á fimmtudag. Þá var í fyrsta skipti í 80 ára sögu Fossavatnsgöngunnar keppt í 25 km göngu með frjálsri aðferð. Alls tóku 64 keppendur þátt í göngunni frá tólf þjóðlöndum.

Eins og áður sagði sigraði Riita-Liisa Raponen frá Finnlandi í kvennaflokki á tímanum 01:19:10, önnur varð Ulla Yrjölä frá Finnlandi á tímanum 01:47:11 og þriðja varð Guðbjörg Rós Sigurðardóttir frá Ísafirði á tímanum 01:48:55. Ilya Chernousov frá Rússlandi sigraði í karlaflokki á heildartímanum 01:07:31, annar varð Petter Soleng Skinstad á tímanum 01:10:10 og þriðji varð Mårten Soleng Skinstad á tímanum 01:18:44.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra klippti á borða til merkis um að stöðin væri formlega tekin í notkun. Henni til aðstoðar voru Kristján Haraldsson orkubússtjóri, Þórður Guðmundsson, fyrrv. forstjóri Landsnets og Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets.**

# Varaaflstöðin formlega tekin í notkun

Mikilvægum áfanga í að auka orkuöryggi á Vestfjörðum var fagnað í Bolungarvík í síðustu viku. Þá tók Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra formlega í notkun nýja varaaflstöð Landsnets, nýtt tengivirki Landsnets og Orkubús Vestfjarða í Bolungarvík og snjallnetskerfi fyrir Vestfirði – sem er samheiti yfir ýmsar tækninýjungar á sviði flutnings og dreifingar raforku á svæðinu. Verkið tók rúm tvö ár og kostaði um 1,5 milljarð króna en alls hefur Landsnet fjárfest fyrir rúma þrjá milljarða í bættu orkuöryggi vestra á liðnum árum.

Landsnet hefur lengi leitað leiða til að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum svo íbúar þar megi njóta svipaðra gæða í orkuafhendingu og aðrir landsmenn. Áfangar á þeirri leið, sem Landsnet hefur átt gott samstarf um við Orkubú Vestfjarða, eru m.a. nýtt tengivirki á Ísafirði, endurnýjun og endurbætur á rafmagnslínum í svæðiskerfinu vestra, lagning jarðstrengs milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, bygging nýs tengivirkis í Bolungarvík og varaaflsstöðvar sem tengist sjálfvirkt inn á netið verði truflun í flutningskerfinu.

Forsendan fyrir því að þessar úrbætur auki rekstraröryggi á Vestfjörðum er hins vegar svonefnt snjallnet – tæknibúnaður sem Landsnet hefur sett upp víða í Vestfjarðakerfinu og tengdur er saman í öflugu fjarskiptakerfi. Verði truflun, sem hefur það í för með sér að orkuvinnsla innan svæðisins nægir ekki til að sinna aflþörfinni, þá leysir snjallnetsbúnaðurinn út allt rjúfanlegt álag á svæðinu og ræsir um leið varavélarnar og lágmarkar þannig umfang truflunarinnar hjá raforkunotendum.

Tilkoma snjallnetsins og varaaflsstöðvarinnar hefur styrkt raforkukerfið vestra verulega og stytt til muna straumleysistíma. Þannig var viðbragðstími í straumleysi fyrir tíma snjallnetsins vart undir hálfri klukkustund á norðanverðum Vestfjörðum, s.s. á Ísafirði og í Bolungarvík, en í þeim truflunum sem orðið hafa eftir að varaaflsstöðin og snjallnetið komu til sögunnar hafa almennir notendur á svæðinu verið komnir með rafmagn að nýju eftir 1-2 mínútur.

Snjallnetið á Vestfjörðum er hið fyrsta sinnar tegundar á landinu og er Landsnet í hópi leiðandi raforkuflutningsfyrirtækja á þessu sviði í heiminum. Einnig er nýlunda að varaaflsstöð, eins og er í Bolungarvík, þjóni stórum landshluta. Afkastagetan samsvarar orkunotkun norðanverðra Vestfjarða en sex 1,8 MW dísilvélar eru í stöðinni. Framkvæmdir við varaaflsstöðina hófust árið 2013 og tók verkið rúm tvö ár. Kostnaðaráætlunin var um 1,5 milljarður króna en alls hefur Landsnet fjárfest fyrir rúma þrjá milljarða á síðustu þremur árum til að bæta orkuöryggið vestra.

Í framhaldi af umbótum á raforkukerfinu á norðanverðum Vestfjörðum er nú framundan hjá Landsneti að skoða hvernig best megi styrkja afhendingaröryggi raforku á sunnanverðu svæðinu. Jafnframt verða skoðaðir möguleikar á betri samtengingu norður- og suðursvæðisins, sem hluta af langtímalausn fyrir allan fjórðunginn, en að mati Landsnets er aukin orkuframleiðsla innan fjórðungsins forsenda þess að hægt verði að tryggja ásættanlegt raforkuöryggi Vestfjarða til framtíðar.

# Kerecis og hugvitið varpa ljóma...

Margt vekur athygli á Vestfjörðum og Ísafirði um þessar mundir. Fyrst ber að telja heimsfræga afturköllun Jónasar Guðmundssonar sýslumanns frá Bolungarvík með aðsetri á Patreksfirði á fjögurra alda gömlum dómi Ara í Ögri, sem að vísu var löngu fallinn úr gildi, en hefur greinilega gleymst ofan í skúffum á sýsluskrifstofunni á Ísafirði og farið fram hjá sýslumönnum sem urðu hæstaréttardómarar, alþingismenn og ráðherrar, svo fátt eitt sé talið, að ekki sé getið allra hinna sem ekki náðu svo langt. Er þess að vænta að í framhaldinu linni aðförum að útlendingum og vonandi Vestfirðingum. En út af fyrir sig var þetta skemmtileg uppáfinning hjá sýslumanni og vekur nú heimsathygli.

Hin raunverulega ástæða þess að athygli heimsins beinist að Ísafirði er Kerecis, líftæknifyrirtækið sem vinnur lyf úr þorskroði og hefur nú gert samning við bandaríska sjóherinn um þróun lyfja til þess að lækna særða hermenn. Ekki hefur verið upplýst um fjárhæðir til verkefnisins, en búast má við því að um stórverk sé að ræða takist vel til. Fréttin um samstarf Kerecis við Bandaríkjamenn er einkar athyglisverð, ekki síst þegar stöðug fækkun íbúa hefur orðið á Vestfjörðum og störfum fækkað í samræmi við það. Fiskvinnsla með hefðbundnu sniði hefur verið efnahagsleg undirstaða á Vestfjörðum mjög lengi og var það á tímum Ara í Ögri. Nú gæti orðið breyting á. Danmörk telst til auðugustu ríkja í heimi og býr þó ekki yfir náttúruauðlindum í hefðbundnum skilningi. En Danir hafa nýtt mannauðinn, vitið og hugmyndauðgi til þess að byggja upp þjóðarauð sinn. Rétt er að hafa í huga að ekki starfa margir hjá Kerecis, en þess verðmætara er framlag hvers og eins.

Fleiri hafa fagnaðarfréttir verið að undanförnu. Fossavatnsgangan heppnaðist vel og dregur til sín gesti, einnig utan úr heimi. Fyrirtækið 3X Stál hefur verið að gera góða hluti og aflað sér stuðnings Norðmanna. Verið er að hefja smíði nýs Páls Pálssonar ÍS 102, sem verður nýtískulegur og fullkominn. Vonandi er að renna upp björt tíð þar sem framfarahugur og gott mannvit fær að njóta sín. Og nú hefur sýslumaður Vestfjarða tekið að sér löggæsluhlutverkið sem tilheyrir lögreglunni og afgreiðir gömul mál sér og vonandi öðrum til skemmtunar. En nýr lögreglustjóri Vestfjarða, Karl Ingi Vilbergsson, er boðinn velkominn til starfa. Fyrst og fremst er ástæða til bjartsýni þegar byggt er á hugviti og hugmyndaauðgi. Slíkt verðskuldar athygli heimsins.

## Stakkur skrifar

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

# Yrkir í lopann

Nýjustu peysur ísfirska prjónahönnuðarins Bergrósar Kjartansdóttur heita Rigning og Logn. Bergrós líkir peysunum sínum stundum við ljóð og kveikjan að Rigningu var einmitt frægt ljóð Vilborgar Halldórsdóttur. „Þegar ég var barn bjó ég á Ísafirði í gömlu reisulegu húsi við Hafnarstræti sem var alltaf kallað græna húsið. Á sama tíma bjó Vilborg Halldórsdóttir þar og samdi ljóðið „Mér finnst rigningin góð“ sem síðar var gert ódauðlegt af hljómsveitinni Síðan skein sól. Þetta fannst mér alltaf afar merkilegt og hef sagt þessa sögu oft í gegnum tíðina,“ segir Bergrós í samtali við Fréttablaðið, en hún ákvað einn daginn að yrkja sitt eigið ljóð um rigninguna en þó ekki með pennann að vopni heldur prjónana. Úr varð peysan Rigning. Bergrós er afkastamikill prjónahönnuður og vann um tíma sem aðalhönnuður hjá ÍSTEX við blaðið LOPA.

Í dag starfar hún sjálfstætt og rekur vefverslunina Tíbrá þar sem hún selur uppskriftir sínar. „Langflest sem ég bý til hefur með einhverjar sögur að gera,“ segir Bergrós sem nýtir ljóð, frásagnir, tilfinningar sem hún hefur upplifað og minningar úr æsku í verk sín. „Ég hugsa peysurnar mínar oft sem ljóð eða sögur og yrki þær beint í lopann. Líkt og með ljóðin er maður að færa hugmynd úr höfðinu niður í annað efni sem næsti maður skilur,“ segir Bergrós sem kemur úr ljóðelskri ætt. Þegar Bergrós sest niður og prjónar hugmyndir sínar í lopann þarf hún sjaldan að gera margar tilraunir.

„Hugmyndir mínar eru tilbúnar í höfðinu á mér áður en þær fara í gegnum hendurnar og prjónana,“ segir Bergrós, sem gengur alltaf með margar hugmyndir í maganum. „Þegar ég kem þeim loks á prjónana þá er ég búin að móta þær í huganum mjög lengi.“ Bergrós segir algengt að eitt verk leiði af sér annað. Þannig fæddist peysan Logn í kjölfar Rigningar. „Lognið hefur alltaf haft djúpstæð og öflug áhrif á mig og ég læt lokkast af logni eins og mýfluga af mykjuskán. Ég ræð mér ekki fyrir kæti þegar lognið leggst yfir. Því lognið er ekki bara í loftinu svífandi í kringum okkur, það er í sjónum líka, ögrandi og seiðandi sést það spegla sig í letilegum vatnsfletinum sem leyfir manni að trúa því að ævintýri sé að hefjast,“ segir Bergrós um þessa flík.

Bergrós telur ekki mjög erfitt að prjóna peysurnar Rigningu og Logn. „Þær eru mjög einfaldar fyrir utan mynstrið sem er pínu áskorun fyrir byrjendur,“ segir Bergrós, sem reynir þó alltaf að hafa prjónakonuna í huga þegar hún hannar mynstur. „En maður má ekki vantreysta prjónakonunni og það má alveg ögra. Ég heyrði til dæmis af gamalli konu sem prjónaði uppskrift eftir mig sem heitir Mósaík. Hún var 84 ára gömul og sagði að sér hefði fundist svo gaman að prjóna þessu peysu því hún hefði fundið það eftir á að heilasellunum hefði fjölgað,“ segir Bergrós glaðlega í samtali við Fréttablaðið.



**Bergrós Kjartansdóttir.**

**Logn.**

**Rigning.**

HRING IÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

## Sportið í beinni...

**Fimmtudagur 7. maí**
kl. 19:00 Sevilla - Fiorentina
kl. 19:00 Napoli - Dnipro
**Laugardagur 9. maí**
kl. 11:45 Everton - Sunderland
kl. 13:00 Leicester - South.pton
kl. 14:00 Aston V - West Ham
kl. 14:00 Stoke - Tottenham
kl. 14:00 Newcastle - WBA
kl. 14:00 Hull - Burnley
kl. 16:00 Barcelona - Real S
kl. 16:30 Crystal P - Man. Utd
kl. 18:00 Real M - Valencia
**Sunnudagur 10. maí**
kl. 12:30 Man. City - QPR
kl. 15:00 Chelsea - Liverpool
**Mánudagur 11. maí**
kl. 18:45 Leiknir R - ÍA
kl. 19:00 Arsenal - Swansea
**Þriðjudagur 12. maí**
kl. 18:45 Bayern - Barcelona
**Miðvikudagur 13. maí**
kl. 18:45 Real M - Juventus

## Dagar Íslands

**eftir Jónas Ragnarsson**

**7. maí 1812:** Sjö skip frá Önundarfirði fórust í áhlaupaveðri og með þeim 54 menn.
**8. maí 1948:** Tröllafoss kom til landsins. Hann var stærsta skip sem Íslendingar höfðu eignast, 5800 rúmlestir og 103 metrar á lengd.
**9. maí 1992:** Fjórða og síðasta nýja Fokker 50 flugvél Flugleiða kom til landsins. Sama dag lauk áætlunarflugi Fokker F27 flugvéla hérlendis.
**10. maí 1976:** Fjórmenningarnir sem setið höfðu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar Geirfinnsmálsins, flestir í 105 daga, voru látnir lausir. Þeir hlutu síðar bætur.
**11. maí 1955:** Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi en Kópavogshreppur hafið verið greindur frá Seltjarnarneshreppi sjö árum áður.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**
Norðan 3-8 m/s og víða léttskýjað. Hiti 1-7 stig að deginum kalt yfir nóttina.

**Horfur á laugardag:**
Hæg norðlæg eða breytileg átt og víða léttskýjað. Hiti breytist lítið.

**Horfur á sunnudag:**
Útlit fyrir breytilega átt og þurrt veður en svalt.

# Krossgátan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | STOÐ | VÖRU-BYRGÐIR | DUGNAÐUR | | BLESSUN | BÁRA | LJÓMI |
| | | | | VEG-KLÆÐNING | | | | | | | |
| | | | | HESTA-SKÍTUR | | | | FISKUR / VARKÁRNI | | | |
| | | | | UGG-VEKJANDI | | | | | | | |
| | | | | VEGUR | | | | | BARDAGI / VÖRN | | |
| | ↓ | EINSKÆR | SLÁ | FYRIR HÖND / STYKKI | | | Í RÖÐ / STAÐNA | | | GRAN-ALDIN | POTT-RÉTTUR |
| SKOP-LEIKRIT | | | | | | ANDA / GYÐJA | | | | | |
| DOLLA | | | | | VANAVERK / GÁÐU | | | | | | |
| SKÓLI | | | SKARPUR / ENDAFJÖL | | | | | NÁMS-GREIN / ILMA | | | |
| MÓÐUR-LÍF | | | | FRAM-KVÆMA / URÐAÐ | | | | | NUDD / LÉST | | |
| JAKKI OG PILS | | | | | | BLÁSA / DRYKKUR | | | | | GILDRA |
| | | FYRSTUR / HLUTI FRÆVU | | | | | AUÐUR / VEISLA | | | | |
| ÁVINNA | | | | | STÆLA | | | | HÓTA | KJAFT | |
| TVEIR EINS | | | DYLJA / FLAN | | | | | BERG-MÁLA / KOPAR | | | |
| FISKILÍNA | | | | | TOR-NÆMUR / ÁTT | | | | | | |
| YNDIS | | | | | | KVK NAFN | | | | | |
| SKORA | | | | | | LAND | | | | | |

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá1983

## Lausn á síðustu krossgátu

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | STOÐ-GRIND | SAMTÍMA | RÍKI Í SUÐVESTUR ASÍU | | TVEIR | SMÁTT | FARFA |
| | | | | AFÆTA | S | N | Í | K | I | L | L |
| | | | | FERÐ | T | Ú | R | EINS UM Í / GAUR | I | Í | I |
| | | | | LOFT-TEGUND | E | T | A | N | TVEIR EINS / HINDRA | T | T |
| | | | | KROPPUR / BLÓÐ-SUGA | L | Í | K | A | M | I | LYKTAR |
| | ↓ | ÓSKORÐ-AÐA | ANGAN / FRÁ | I | L | M | SKAPI / MIS-TAKAST | G | E | Ð | I |
| STREITA | Á | L | A | G | VEIÐI / SPERGILL | A | F | L | I | YFIRRÁÐ | L |
| PILLA | T | A | F | L | A | STÖKUM / NUDD | E | I | N | U | M |
| Í RÖÐ | T | U | HÖFÐÝR / SÜREFNI | A | S | N | I | ERGJA / MJÖG | A | M | A |
| FLÝTIR | A | S | I | ERFIÐA / BLIKK | P | Ú | L | A | TVEIR EINS / HÖND | R | R |
| ORSAKA | V | A | L | D | A | ÚTMÁ / DÁLÍTIÐ | A | F | M | Á | KLAUSTUR-BÚI |
| | I | MÆLI-EINING / TÖNVERK | D | E | S | Í | EYÐIMÖRK / DUGLEGUR | A | U | Ð | N |
| LÍMBAND | T | E | I | P | HINDRUN / EINSAMALL | V | Ö | R | N | MÆLI-EINING | U |
| ÓLÆTI | A | T | SÁ / PILI | L | E | I | T | FIÐUR / SEFA | D | Ú | N |
| MAGUR | R | Ý | R | INNYFLI / ÁTT | I | Ð | U | R | ÓNEFNDUR / TVEIR EINS | N | N |
| GOÐ | Ó | Ð | I | N | N | VÍSA LEIÐ | L | Ó | Ð | S | A |
| ÁSAMT | S | A | M | A | N | LOKKA | L | A | Ð | A | |

## Sudoku þrautir

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | 1 | | | |
| 7 | | | | | | 9 | 3 | |
| | | | | | | 7 | 6 | |
| 5 | | | | | 2 | 1 | | 7 |
| 8 | | 2 | 4 | | | | | |
| 6 | 3 | | 9 | | | | | |
| | | | 3 | | | | | 8 |
| | | 1 | | | | 4 | | |
| | 6 | 3 | | | 5 | 2 | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | 6 | | 4 | | 5 |
| 9 | 2 | | 5 | | | | 3 | 1 |
| | 4 | 8 | | | | | | |
| 7 | | | | 9 | | 1 | | |
| | | | 8 | | | 9 | | |
| | | | 2 | 5 | | | | 7 |
| 6 | 5 | | | | 9 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | | | | 1 | | 5 | | 4 |
| | | 4 | | | | 6 | 2 | 9 |

# Sammála algjörri verndun Dynjanda

Tillaga skipulags- og mannvirkjanefndar um breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar verður tekin fyrir á bæjarstjórnarfundi í þessari viku. Nefndin leggur meðal annars til að umsókn Orkubús Vestfjarða um miðlun úr Stóra Eyjavatni verði ekki tekin inn á aðalskipulag. Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans og formaður bæjarráðs, tekur undir álit nefndarinnar. „Mín skoðun er að við eigum að vernda allt vatnasvið Dynjanda. Ég byggi mína skoðun á því hvernig ég sé umhverfismálin þróast sem og ferðaþjónustuna. Málið hefur ekki verið rætt innan bæjarstjórnar og ég veit ekki hug annarra bæjarfulltrúa,“ segir Arna Lára.

Hún segir að tillaga skipulagsnefndarinnar sé mjög eindregin, en í henni segir að ekki komi til greina að skerða náttúrulega fegurð Dynjanda með skerðingu á vatnasviði hans. „Þau eru búin að liggja yfir þessu í vetur og fengið töluvert af umsögnum. Orkubúið virðist vera eitt í því að vilja fara í þessar framkvæmdir. Við eigum aðra virkjunarkosti og við viljum öll tryggja raforkuöryggi en ég er ekki tilbúin að taka áhættu með Dynjanda,“ segir hún.

*– smari@bb.is*

# Í skoðun að leigja skemmtiferðaskip

Forsvarsmenn Fossavatnsgöngunnar eru með í skoðun að leigja skemmtiferðaskip á næsta ári til að fjölga gistirými á Ísafirði. Ef áætlanir ganga eftir verða enn fleiri þátttakendur á næsta ári en fjöldinn í ár tvöfaldaðist frá því fyrra en í ár voru 640 keppendur skráðir til leiks og mikil þörf á auknu gistiplássi, stækki gangan enn frekar

„Við erum með klærnar úti og viljum skoða nánar að leigja skip en við höfum ekki haft erindi sem erfiði ennþá, enda nóg að við að vera þegar nokkri dagar eru í gönguna,“ segir Daníel Jakobsson, formaður Fossavatnsgöngunnar.


## Þjónustuauglýsingar



# SÓFADAGAR

## FLORIDA
tungusófi

Ljós- og dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Færanleg tunga.

**Fullt verð: 139.900 kr.**

**99.900 kr.**

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR

## FLORIDA
horntungusófi

Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. 2ja og 3ja sæta hornsófi með tungu, val um hægri eða vinstri tungu.

**Florida**
2ja sæta
**Fullt verð: 179.900 kr.**

**Florida XL**
3ja sæta
**Fullt verð: 219.900 kr.**

2ja sæta: **149.900 kr.** | 3ja sæta: **189.900 kr.**

## Fjölskyldusófinn

KOMINN AFTUR

## JACKPOT
U-sófi




Svart, slitsterkt áklæði - hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **149.900 kr.**

## Svefnsófar í miklu úrvali

## MIAMI
hornsvefnsófi með tungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Stærð: 240 x 225 cm, H: 80 cm.

**Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **149.900 kr.**

ÁTTU VON Á GESTUM

## RUBEN
svefnsófi með tungu

Með rúmfatageymslu í tungu. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Stærð: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 139.900 kr.**

Aðeins **99.900 kr.**

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

**betrabak@betrabak.is**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga kl. 12⁰⁰-18⁰⁰**
**og laugardaga kl 11⁰⁰-13⁰⁰**